

Þriðji fundur vetrarins í Gammadeild var haldinn fimmtudaginn 15. nóvember, 2012, klukkan 18:00 heima hjá Ragnhildi Þórarinsdóttur að Brúnavegi 8.

Á fundinum fjallaði Gerður G. Óskarsdóttir um rannsókn sína á skilum skólastiga, þ.e. leik- og grunn- og framhaldsskóla m.t.t. grunnþáttanna í aðalnámskrá.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Þórunn Björnsdóttir

Tekið fyrir

Fundarsetning Formaður, Árný Elíasdóttir, setti fund kl. 18:00, bauð félagskonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 21 kona fundinn.

Fréttir og tilkynningar frá formanni:

1. Árný minnti á að nú er komið að því að tilnefna í næstu landssambandsstjórn DKG en yfirstandi kjörtímabili lýkur vorið 2013. Tilnefningar þurfa að berast eigi síðar en 25. nóvember 2012.
2. Stjórn Gammadeildar hefur útbúið ferli vegna andláts félagskvenna og benti Árný á að það lægi frammi á fundinum ef konur vildu líta á það og gera athugasemdir.
3. Við vorum að fá viðurkenningu frá alþjóðasambandinu fyrir heimasíðuna. Árný hvatti konur til að setja inn efni á heimasíðuna. Auglýsti eftir heimasíðuspæjara sem hefði t.d. það hlutverk að setja inn fréttir frá deildunum.

Kveðja frá forseta landssambandsins Stefanía Arnórsdóttir færði okkur góða kveðju frá Sigríði Rögnu Sigurðardóttur.

Orð til umhugsunar Ingibjörg Einarsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún minntist á Stóru upplestrarkeppnina sem nú er 17 ára eins og dagur íslenskrar tungu. Allir grunnskólar á landinu taka þátt þetta árið. Hún sagði það mikið ánægjuefni að sífellt fleiri skólar væru að innleiða Litlu upplestrarkeppnina. Ingibjörg virkjaði okkur svo með sér í talkór og urðu Ferðalok Jónasar Hallgrímssonar fyrir valinu enda vel við hæfi þar sem Stóra upplestrarkeppnin verður sett á morgun, 16. nóvember á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar.

Árný þakkaði Ingibjörgu fyrir skemmtilegt innlegg og sköruglega kórstjórn og hrósaði Gammasystemum fyrir fallegan flutning.

Árný bauð Gerði G. Óskarsdóttur velkomna og óskaði henni til hamingju með nýútkomna bók hennar um rannsóknir á skilum skólastiga og sagði bókina dýrmætt innleg í íslensk menntamál. Gerður þakkaði Árnýju hlý orð og Gammasystem þakkaði hún fyrir komuna á ráðstefnuna sem haldin var á dögnum í tilefni af útgáfu bókarinnar þar sem gestir voru vel á þriðja hundrað.

Í auglýsingunni um ráðstefnuna segir m.a. að tengsl á milli skólastiga, sveigjanleiki á skilum þeirra og samfella í námi hafi talsvert verið til umræðu hér á landi en mjög hafi skort á upplýsingar um efnið. Úr því sé bætt með nýútkominni bók Gerðar sem byggð er á umfangsmikilli rannsókn á skilum tveggja skólastiga.

Bókin er hugsuð sem veganesti fyrir kennara, stjórnendur og aðra þá sem móta stefnuna í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Hún er jafnframt samin með fræðimenn á sviði menntamála og kennaranema í huga.

Í Skilum skólastiga dregur höfundur upp ítarlega mynd af starfi á síðasta ári í leikskóla og 1. bekk grunnskóla annars vegar og 10. bekk grunnskóla og fyrsta ári í framhaldsskóla hins vegar. Varpað er ljósi á mun og samfellu í umgjörð starfsins og starfsháttum og tengslin við næsta skólastig. Lýsingarnar byggjast á vettvangsathugunum í 30 skólum, spurningakönnunum og yfir 50 viðtölum við nemendur og kennara.

Með rannsókn sinni, sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, hefur Gerður G. Óskarsdóttir sýnt fram á að rof verður í ákveðnum þáttum í námi á milli skólastiga og því sé breytinga og jafnvel mikilla umbóta þörf til að tryggja betri samfellu í náminu. Gerður færir rök fyrir því að starfshættir séu með mjög líku sniði í skólum á sama skólastigi og samfella milli skólastiga talsverð þó að rof hafi komið fram. Rof og það sem Gerður nefnir afturhverft rof kom fram í því að nemendur voru í sumum tilfellum að fást við sama efni og áður á nýju skólastigi, s.s. kynningu á bókstöfum og endurtekningu í námsgreinum. Þá virtist draga úr áhrifum nemenda á framgang námsins og viðfangsefni þegar þeir komu á nýtt skólastig. Gerður setur fram tillögur um breytingar, bæði á umgjörð skólstarfs, s.s. skólaskyldu og lengd heildarnáms, og á daglegu starfi innan skólastofunnar, og þá einkum hvað varðar virkni nemenda og sjálfræði. Tillögur í þá veru má finna í lokakafla bókarinnar ásamt hugmyndum að frekari rannsóknum.

Gerður fór nokkrum orðum um tilurð og bakgrunn rannsóknarinnar og reifaði helstu niðurstöður. Hún sagði nokkuð um að nemendur á nýju skólastigi byrji að vinna aftur að einhverju sem þeir voru að læra á skólastiginu á undan, Gerður segir til dæmis fyrsta stig lestrarnáms fara fram í leikskólanum en í 1. bekk grunnskóla sé látið eins og þau þekki ekki stafina þar sem byrjað er að kenna stafina, einn á viku allan veturinn. Þannig kemur fram töluverð endurtekning milli skólastiga.

Sjálfræði nemenda í námi minnkar er þeir færast upp um stig því val á viðfangsefnum er minna í 1. bekk grunnskóla en á síðasta ári leikskóla. Upplýsingar um þróun berast ekki milli skólastiga. Takmörkuð þekking á starfsháttum milli skólastiga og upplýsingar um breytingar berast ekki milli stiga. Einnig var aðeins dæmi um einstaklingsáætlanir í grunnskólunum.

Gerður talaði um bóknámsreikb.e. að námsefni hafi færst og sé enn að færast niður á við. Nú sé efni í leikskólum sem áður var í sex og sjö ára bekk og að nú sé efni á unglingastigi grunnskóla sem áður var kennt í framhaldsskóla. Nemendur geta nú valið að taka framhaldsskólaáfangar í grunnskóla. Einnig kemur fram að nú sé verið að kenna efni í framhaldsskólum sem áður var kennt í háskólum. Síðustu tvenn rök benda til að einhvers konar stytting sé þegar hafin, en er ekki formleg ennpá.

Í rannsókn sinni leitaðist Gerður meðal annars við að draga fram upplýsingar um sjálfstæði nemenda og áhrif þeirra á skipulag og framgang náms síns. Hún skoðaði t.d. að hvaða marki nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og framvindu þess og þar með þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum, svo sem með því að hafa frumkvæði að vali viðfangsefna eða vali milli mögulegra lausna og beita eigin hugmyndaflugi og sköpun. Samvinna, frumkvæði í náminu og val á viðfangsefnum virðist vera meira í grunnskólum.

Þetta er aðeins brot af áhugaverðu erindi Gerðar en miklar umræður sköpuðust í lok erindisins.

FundarlokFormaður færði Gerði og húsráðanda rós sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag til fundarins. Gerði þakkaði hún fyrir afar fróðlegt erindi og húsráðanda fyrir stórkostlegar móttökur.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.